

Tilkynning til fjölmiðla frá Björgólfi Thor Björgólfssyni:

Í dag hefur lögmaður Björgólfs Thors Björgólfssonar, Magnúsar Þorsteinssonar og Björgólfs Guðmundssonar sent Framkvæmdanefnd um einkavæðingu svohljóðandi bréf:

“Með auglýsingu, sem birtist í fjölmiðlum 10. júlí síðastliðinn, óskaði Framkvæmdanefnd um einkavæðingu eftir tilkynningu frá áhugasömum fjárfestum um kaup á a.m.k. 25% hlut í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Með bréfi umbjóðenda minna, Björgólfs Thors Björgólfssonar, Magnúsar Þorsteinssonar og Björgólfs Guðmundssonar, dags. 27. júní 2002, til Framkvæmdanefndar um einkavæðingu, var óskað eftir viðræðum við nefndina um kaup á kjölfestuhlut í Landsbanka Íslands hf.

Umbjóðendur mínir telja að ofanritað bréf feli í sér tilkynningu frá þeim um áhuga á kaupum á eignarhlut í Landsbanka Íslands hf. Með bréfi þessu er staðfest ósk umbjóðenda minna um viðræður við Framkvæmdanefnd um einkavæðingu á grundvelli þeirra forsenda sem fram komu í bréfi þeirra dags. 27. júní 2002. Með vísan til auglýsingar Framkvæmdanefndar um einkavæðingu lýsa umbjóðendur mínir því yfir að ofanritað bréf þeirra beri einnig að skoða sem tilkynningum um áhuga á kaupum í Búnaðarbanka Íslands hf. á grundvelli sömu forsenda.”

Þar til svar berst frá Framkvæmdanefnd um einkavæðingu álit ég ekki rétt að tjá mig frekar um mál þetta við fjölmiðla.

Björgólfur Thor Björgólfsson